

Mál nr. 14/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 29. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. desember 2021 hafi M slasast er hún féll harkalega til jarðar á bifreiðastæði fyrir utan bílasölu í eigu X. Við fallið braut hún báða úlnliði. M leitaði skömmu eftir slysið til lögreglu og tilkynnti um atvikið og var þar tekin skýrsla vegna atviksins. Lögregla hafi kallað eftir upptökum úr eftirlitsmyndavélum X en þær voru ekki lengur til staðar þegar lögregla óskaði þeirra þar sem upptökur eru aðeins geymdar í tvær vikur. Telur M að ríkt tilefni hafi verið fyrir X að varðveita upptöknar þar sem þeim var kunnugt um slysið. Telur M að bifreiðastæðið þar sem hún hrasaði hafi verið slysaðgildra, bæði var það ísilagt og ekkert gert til að sporna við hættu vegna þess svo sem með dreifingu salts eða sands yfir vegi. Auk þess hafi frágangur lóðar verið hættulegur, en þar var djúp dæld í vegi á milli gangstéttar og malbikaðs bifreiðastæðis beint við inngang bílasölnnar, sem M féll um. Byggir M á sakarreglu íslensks skaðabótaréttar, vinnuveitendareglunni og reglum um skaðabótaábyrgð rekstraraðila og eigenda fasteigna. Á fasteignaeigendum hvíli rík aðgæsluskylda til þess að rækja viðhald og umhirðu með eign sinni og öllu sem á henni hvílir, þar með talið til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að þeir sem erindi eiga um fasteignina verði fyrir tjóni af eigninni. Vísar M til dóma Hæstaréttar og reglugerðar nr. 941/2002 máli sínu til stuðnings

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem V telur að M hafi ekki náð að sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar og ólögsmætrar vanrækslu X. Slysið hafi orðið um hávetur og því ekki óeðlilegt að hálka myndist. Almennt megi gera þá kröfu að fólk sé undir það búíð að hálka geti leynst á vegum og stígum um vetrarmánuði og gefur það vegfarendum aukið tilefni til þess að fara varlega. Samkvæmt X urðu engin sambærileg slys á bifreiðaplani eða fyrir utan húsakynni þess, þennan dag eða dagana á undan eða eftir vegna hálku. Þá hafa heldur ekki orðið sambærileg slys vegna misfelli á malbiki bifreiðastæðisins. Á slysdegi hafi verktaki komið og saltað bifreiðaplanið en þrátt fyrir að ráðstafanir hafi verið gerðar vegna hálku, er ekki alltaf hægt að uppræta hana alveg og því ávallt tilefni fyrir vegfarendur að fara varlega. Þá telur V að ástand bifreiðastæðisins sé ekki til þess fallið að valda slysaþættu þrátt fyrir misfellur í því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Af fyrirbyggjandi gögnum málsins virtum og þá sérstaklega ljósmyndum af vettvangi sem lögregla tók tæpum mánuði eftir tjónsatburðinn, verður ekki talið að umrædd hola eða misfella í malbiki hafi verið sérstaklega hættuleg þannig að telja verði að starfsmenn X hafi þurft að grípa til sérstakra ráðstafana vegna hennar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi vanrækt það að hálkuverja bifreiðastæðið. Með vísan til framangreinds er það afstaða nefndarinnar að um óhappatílik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir